

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (urðunar- og sorphreinsigjald).

2. gr.

Sorphirðugjaldið er lagt á hverja íbúð í lögsagnarumdæmi Dalvíkurbyggðar og er það innheimt með fasteignagjöldum eða á annan hátt eftir því sem við verður komið og þá með sömu gjalddögum og fasteignagjöld.

Búrekstraráðilum er gefinn kostur á að greiða sérstaklega fyrir ílát undir búrekstrarúrgang, flutning hans og förgun samkvæmt gjaldskrá þessari. Þá er lagt á búfjáreigendur sérstakt gjald til að standa straum af kostnaði við förgun dýraleifa og tekur gjaldið mið af því að það standi undir kostnaði við förgunina.

3. gr.

Sorphirðugjaldið og úrvinnslugjald á endurvinnslustöð á Dalvík er sem hér greinir:

- a) Íbúðir, sorphirðugjald, kr. 31.400.
- b) Gjöld vegna úrgangs sem tekið er á móti í endurvinnslustöð er eftirfarandi:
Fyrir áætlað lágmarksmagn allt að 100 kg eða 1,5 m³ skal greiða fyrir móttöku og flutning kr. 2.900 og í urðunargjald kr. 3.500 eða samtals kr. 6.400.
Fyrir hvert kíló umfram 100 kg greiðist samtals fyrir móttöku og flutning 29 kr. og 35 kr. í urðunargjald. Fyrir hvern 1,5 m³ umfram 1,5 m³ bætast 2.900 kr. fyrir móttöku og flutning og 3.500 kr. fyrir urðun.
- c) Ekki er tekið gjald fyrir móttöku á flokkuðum úrgangi sem ber úrvinnslugjald, þar má nefna: pappambúðir, plastambúðir, hjólbarða, heyrulluplast, ýmis spilliefni og úrelt ökutæki.
- d) Íbúar Dalvíkurbyggðar þurfa ekki að greiða móttökugjald fyrir úrgang sem tengdur er venjulegum heimilisrekstri á endurvinnslustöð á Dalvík.

4. gr.

Úrvinnslugjald vegna úrgangs frá búrekstri og dýraleifa er eftirfarandi:

- a. 240 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði 21.000 kr./ár
- b. 360 lítra tunna fyrir almennan úrgang losuð tvisvar í mánuði 28.000 kr./ár
- c. 240 lítra endurvinnslutunna losuð einu sinni í mánuði 10.400 kr./ár.
- d. Gjald fyrir eyðingu dýraleifa er lagt á heildarfjölda hverrar búfjártegundar samkvæmt búfjáreffirlitsskýrslu og er eftirfarandi:

Nautgripir 385 kr./grip	Sauðfé og geitfé 65 kr./grip
Hross 100 kr./grip	Grísir 255 kr./grip

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar, er staðfest samkvæmt heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, samkvæmt lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum, og öðlast nú þegar gildi.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá um sorphirðu í Dalvíkurbyggð nr. 1053/2011 úr gildi.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar 18. desember 2012.

Dalvíkurbyggð, 19. desember 2012.

Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri.